

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík nr. 1383 28. nóvember 1988.

Stjórn Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 28. nóvember 1988:

6. gr.

Fulltrúaráð stofnunarinnar skipa 9 fulltrúar og eru þeir þannig valdir:

Stofnaðilar tilnefna hver um sig tvo fulltrúa og einn til vara til tveggja ára í senn.

Stjórn Landspítala - Háskólasjúkrahúss skal boðið að tilnefna tvo fulltrúa og einn til vara og stjórn Reykjalundar einn fulltrúa og einn til vara, til setu í ráðinu til tveggja ára.

Skylt er að boða varamenn til funda með málfrelsi og tillögurétti.

Sinni einhver aðilinn ekki tilnefningu tilskilins fjölda í ráðið, skulu fulltrúar tilnefna í þeirra stað, svo að ráðið verði fullskipað.

Val fulltrúa í ráðið skal fara fram eigi síðar en í marsmánuði annað hvert ár.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.